

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 31. október 2024, klukkan 17:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Breyting á skipan kjörstjórnar.
Hulda Ellý Jónsdóttir gengur út sem varamaður og Katý Bjarnadóttir kemur inn í hennar stað.
2. Nýtt aðalskipulag – erindi frá Verkís
Oddviti fór yfir gang mála og má búast við að nýtt aðalskipulag verði klárt árið 2025.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.
Umsókn um lóðarúthlutun.
Guðrún Jóhannesdóttir óskaðr eftir stofnun lóðar í kringum íbúðarhúsið á Tunguvöllum ásamt því að taka landið úr landbúnaðarnotkun. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við hreppsnefnd að erindið verði samþykkt.
Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.
4. Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands.
Óskað er eftir stuðningi sem nemur 500 krónum per íbúa sveitarfélagsins fyrir árið 2025.
Hreppsnefnd samþykkir erindið um krónur 500 á hvern íbúa fyrir árið 2025.
5. Krafa óbyggðanefndar vegna eyja og skerja í Tjörneshreppi.
Oddviti fór yfir stöðu mála varðandi kröfu ríkisins um eyjar og sker.
6. Barnaverndarþjónusta Norðurlands eystra
Samningur um barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra. – fyrri umræða.
7. Fjárhagsáætlun 2025 – fyrri umræða
Tekjur: 61.670.413
Gjöld: 42.393.175
Rekstrarniðurstaða: 19.277.238
8. Þriggja ára áætlun 2026-2028
2026
Tekjur: 63.993.019
Gjöld: 40.040.715
Rekstrarniðurstaða: 23.952.304
2027
Tekjur: 65.734.974
Gjöld: 44.055.120
Rekstrarniðurstaða: 21.679.854
2028
Tekjur: 67.476.928
Gjöld: 41.754.525
Rekstrarniðurstaða: 25.722.403

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:01.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Kárason